

Í samningi þessum skal kveðið á um afhendingu mannvirkjanna og greiðslu 42 andvirðis þeirra.

7. maí

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

43

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

7. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „aldurstakmarkið“ í k-lið 4. gr. laganna komi: fyrir skipstjóra.

2. gr.

Fyrri málsgrein b-liðar 8. gr. laganna skal hljóða svo: hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi 30 rúmlestir eða stærra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

44

um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupþúnum.

7. maí

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um verkamannabústaði.

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kaupþúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. lið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.